um námskostnað.

Flm.: Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson, Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa milliþinganefnd, er geri tillögur um fjárhagslegan stuðning við nemendur á skyldunáms- og framhaldsskólastigum, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna vegna skólagöngu. Nefndin skal skipuð fimm mönnum, og tilnefni þingflokkarnir sinn manninn hver, en menntamálaráðherra skipi fimmta manninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í þingsályktunartillögu, sem nokkrir framsóknarmenn hafa flutt á tveimur undanfarandi þingum um aukna fjárhagsaðstoð við námsmenn í landinu, var því m. a. hreyft, að settar yrðu reglur um greiðslu skólakostnaðar nemenda, sem óhjákvæmilega yrðu að vista sig til langs tíma utan heimila sinna. Sú till. til þál., sem flutt er að þessu sinni, fjallar um þennan þátt ofangreinds máls. Þykir flutningsmönnum eins vel á því fara, að um hann sé fjallað í sérstöku þingmáli.

Eitt hið brýnasta verkefni í fræðslumálum okkar er **jöfnun námsaðstöðu** í landinu, og meðal þess, sem helzt mætti að því stuðla, er sú leið, að hið opinbera greiði kostnað, sem stafar af óhjákvæmilegri dvöl nemenda utan heimila þeirra. Getur þetta átt við nemendur á ýmsum aldri og í mismunandi skólum, m. a. nemendur í heimavistarbarnaskólum, héraðsskólum, menntaskólum, verzlunarskólum o. s. frv. Til lengdar verður ekki vikizt undan því, að þessi leið verði valin, og ríður á miklu, að málið verði undirbúið sem fyrst. Er það nú mikill beinn útgjaldaliður fyrir sveitaheimili og önnur, sem líkt eru stödd, hvað snertir fjarlægð frá skólum, að þurfa að vista börn og ungmenni utan heimilis vegna skólagöngu. Á barnmörgum heimilum er þessi kostnaður afar tilfinnanlegur og veldur að sjálfsögðu mjög óhægri aðstöðu til þess að láta börn og ungmenni njóta eðlilegrar skólagöngu. Sem dæmi um óbein áhrif á fjárhagsafkomu og heimilislíf sveitaheimila er vert að geta þess, að stór hluti menntaskólanemenda, sem verða að sækja skóla í önnur héruð eða landsfjórðunga, neyðist einnig til þess að dveljast fjarri heimilum sínum hvert sumar í því skyni að afla fjár til skólagöngu sinnar. Þetta á fyrst og fremst við um nemendur í sveitum, þar sem fjáraflavon er lítil miðað við það, sem gerist í uppgripavinnu við sjávarsíðuna. Með þessu móli verða börn og foreldrar fyrr viðskila hvort við annað en ella mundi, auk þess sem heimilin missa dýrmætan liðsafla frá nauðsynjaverkum. Er áreiðanlega tímabært að gefa þessu fullan gaum, enda verulegt hagsmuna- og réttlætismál fyrir þá, sem verða að búa við þetta ástand. Dæmalaust mun það ekki vera, að foreldrar flytjist úr sveitum til kaupstaða, m. a. Reykjavíkur, vegna þess mikla aukakostnaðar, sem því fylgir að senda börn og ungmenni að heiman vegna skólagöngu.